

## *Nóvemberfundurinn*

Á nóvemberfundinum verður Úlfar Sveinbjörnsson við rennibekkinn. Mun hann sýna okkur sína aðferð við að renna lampaskerm og fót. Hvernig hann gengur frá festingum og rafbúnaði (Úlfar er rafvirki).

Úlfar hefur rennt litla sveppalampa sem falla vel að smekk margra. Myndir af þeim hafa birtst í enska blaðinu Woodturning og voru á sýningunni í Ráðhúsi Reykjavíkur í október s.l.

Það verður fróðlegt að fylgast með honum við rennibekkinn. Munið **laugardaginn 30. nóvember kl 10 að Skipholti 37** sama stað og áður.

## *Bandsög*

Lítið notuð bandsög "GRIZZLEY" 8" til sölu.

Aukablöð fylgja með. Verð kr. 60 þúsund.

Upplýsingar gefur Steinunn í síma 554 4530 og 820 2809.

## Fréttabréf FÉLAGS TRÉRENNISMIÐA Á ÍSLANDI.

Ábm. Trausti B. Óskarsson Laufási 4. 210 Garðabæ. Sími 565 6924 og Reynir Sveinsson

Faxatúni 36, 210 Garðabæ. Sími 565 8588.

Endurprentun leyfð sé heimildar getið. Uppsetning TBÓ/RS



FÉLAG TRÉRENNISMIÐA Á ÍSLANDI

# Fréttabréf

4s. tbl. nóvember 2002



## Víkingur

Guðmundar Sigurðssonar heiðurslistamanns Borgarbyggðar 2001. Víkingurinn var framlag hans á sýningu félagsmanna í Ráðhúsinu. Renndur úr maghoany, holur að innan og er hjálmurinn lok á krús sem er fyrirtaks geymslustaður.

Skreytingin er skemmtileg viðbót við rennismiðina.

## Fundurinn í september 2002

Á félagsfundinum í september var Trausti B. Óskarsson við rennibekkin og sýndi hvernig hann beitir rennijárnnum við hin ýmsu munstur þegar rennt er á milli odda. Nýir félagsmenn sem voru að mæta í fyrsta sinn nýttu sér fræðsluna vel. m.a. með því að taka í rennijárnin og reyna sjálfir.

Helstu járnin sem notuð eru við rennsli milli odda er rifjárn til að grófrenna yfirborðið.

Síðan má slétta yfirborðið með hefljárn ( skájárn).


Munstrið síðan merkt á viðinn með blýanti

Þá eru járnin valin svo sem baugjárn, bútgjárn, hefljárn.

Gæta þarf við slípingu að slípa hvern flöt ( hvert form ) en að renna pappírnum yfir súluna.

Snúningshraði í byrjun hægur meðan verið er að slétta yfirborðið og koma í veg fyrir vípring. Gæta að skera viðinn og brýna oft.

Eftir sýninguna og fræðsluna í vinnusal fengu menn sér kaffi og spjölludu saman.



Hér má sjá hin ýmsu form sem rennd eru á milli odda. Gjarnan rennd við smíði á súlum, bordfótum, stólfótum og svo fr.v.

Ísólfulur Gylfi Pálmason,  
Alþingismaður.

### Rennibekkurinn hans langafa!

Ég hugsa alltaf með hlýhug til samstarfsmanns mín í þinginu, hans Úlfars Sveinbjörnssonar, tæknimanns og hagleikssmiðs, þegar ég handleik lítinn fundarhamar sem hann renndi af mikilli snilld úr hegg úr Alþingisgarðinum. Handbragðið ber merki lagtækni og natni, " verkið lofar meistarann".

Langafi minn og afi minn voru miklir völundasmiðir. Langafi minn Sveinn Jónsson sem fæddur var á Lambalæk í Fljótshlíð en bjó síðar í Miðkoti í sömu sveit smíðaði sér m.a. rennibekk fyrir aldamótin 1900. Sá rennibekkur er varðveittur á Byggyasafninu í Skógum.



Ég dáist að því hve útsjónar samur hann var og að hann smíðaði sér í raun verkfæri sem hann notaði við smíðar. Á sama hátt er vert að benda áhugasömum handverksmönnum á hefil sem einnig er varðveittur á sama safni sem Sigurjón Magnússon í Hvammi undir Eyjafjöllum smíðaði sér. Það er nákvæm eftirlíking af Stanley hefli. Eitt af mörgu sem langafi smíðaði var gervifótur, en vegna tæringar var annar fóturinn tekinn af honum og þá gerði hann sér lítið fyrir og smíðaði undir sig fót. Sonur hans, Ísleifur Sveinsson, f. 18.06.1900 d. 21.04. 1981 hann afi minn, erfði lagtækni föður síns. Hann hafði mikið yndi af því að renna í ágætum rennibekk sem hann átti. Afi var mikill ræktunarmaður og mest yndi hafði hann af því að renna úr trjáviði sem hann hafði sjálfur ræktað. Ég er svo lánsamur að eiga m.a. taflmenn sem þeir feðgar smíðuðu og renndu. Afi minn Ísleifur, smíðaði gjarnan hús á jeppa sem fluttir voru inn eftir stríð. Hann var einnig yfirsmiður þegar Félagsheimilið Hvoll á Hvolsvelli var byggt á árunum 1953 til 1960. Oft fékk ég að renna hjá afa þó ég erfði því miður ekki lagtækni þeirra feðga. Þessa litlu sögu segi ég hér þar sem í þessu skemmtilega blaði birtast myndir af rennibekkjum hans langafa sem er í raun tákni og útsjónarsemi gegninna hagleiksmanna.

Við Íslendingar gefum handverki og hönnun allt of lítinn gaum. Þess vegna er eftirtektarvert að fylgjast með ykkur handverksmönnum sem gefið út þetta blað. Hamarinn hans Úlla er nauðsynlegt hjálpartæki til þess að slá í bjölluna þegar málgláðir þingmenn eru að fara yfir strikið. Heggurinn í fundarhamrinum hlífir því engum en gegnir miklu hlutverki við fundarstjórn forseta í Alþingi.

## Fræðslufundur / námskeið

Allmargir nýir félagar hafa skráð sig inn í félagið í ár og á sýningunni í Ráðhúsinu skráðu sig 12.

Á síðasta félagsfundi varpaði Vilhjámur Sigurjónsson fram þeirri tillögu að félagið stæði fyrir kynningu á helstu atriðum í trérennismíði fyrir byrjendur.

Hefur verið ákveðið að bjóða upp á stutta fræðslu um trérennismíði ef næg þáttaka fæst. Hugmyndin er að bjóða félagsmönnum upp á fræðslukvöld þar sem farið verður yfir helstu atriði sem nauðsynlegt er að kunna skil á fyrir rennismíði. Má þar nefna rennijárnin og brýnsla þeirra. Rennibekkin, patronur og og helstu aðferðir við að festa tréð í rennibekkin. Renniviðinn og svo fr.

Í framhaldi af fræðslukvöldi er meiningin að bjóða upp á eitt eða fleiri kvöldnámskeið fyrir byrjendur þar sem aðalega er verið að kynna og undirbúa félagsmenn fyrir alvörunámskeið ef þeir síðar kjósa svo.

Til þess að af þessu verði þurfum við að vita hug félagsmanna til þess máls og eru áhugasamir beðnir að hafa samband við Trausta B. Óskarsson í síma 565 6924. Væntanlega hentar best að halda slík fræðslukvöl eftir áramóti í janúar eða febrúar.

### Viðarmiðlun flutt í BYKO Kópavogi

BYKO hefur tekið að sér dreifingu á viðarafurðum Skóræktar ríkisins. Þar má fá birki og lerki. Boli og niðursneitt í ýmsum þykktum. Einnig trjákur, arinvið og platta í nokkrum stærðum.

Birki er mikið notað af rennismíðum og útskurðarfólki. Lerki er einnig mjög fallegur renniviður.



Magnað  
úrval af  
handverks-  
vörum



Rennijárn af  
mörgun stærðum og  
gerðum.  
Flestir fylgihlutir  
fyrir rennibekkin.  
Úrval erlendra  
viðartegunda.



Útskurðarjárn.  
Mjög fjölbreytt  
úrval.

Hjá Gylfa  
Hólshrauni 7.  
s. 555 1212



### GLEÐILEG JÓL

Stjórn og ritstjórar senda  
félagsmönnum og fjölskyldum þeirra bestu  
jólakveðju með þökk fyrir árið sem er að líða og ósk  
um farsælt komandi ár.

## Félagsfundurinn í október 2002

Doug Rognvaldsson frá Kanada mætti hjá okkur á fundinn eins og auglýst hafði verið í síðasta fréttabréfi.

Hann hafði meðferðis rokk sem var nr 32 í smíðaröðinni og sá sem hann renndi síðast. Doug tók við rennismíðinni af föður sínum 1985 eins og áður hefur verið getið um.

Fluttist faðir hans til Kanada árið 1876 frá Skagafirði þá fimm ára. Renndi hann rokka frá árinu 1930 og renndi um 300 rokka á næstu tíu árum.

Takið eftir stönginni sem stendur upp af rokknum en hún er lampafótur.

Á myndinni er Doug Rognvaldson við hliðina á rokknum sem hann hafði meðferðis og sýndi okkur. Hann gaf þetta eintak á safnið á Glaumbæ.

Hér er um að ræða rokk sem er allmikið breyttur frá þeim sem við þekkjum.



Viljum minna ykkur á Grip-a-disc slípipúðana. Rennijárnin og yfirborðsefnið frá Sorby. Að ógleymdum patrónunum frá Oneway.

### Tré-list

Bræðraborgarstíg 38.  
Sími: 5531580  
Netfang: [trelist@isl.is](mailto:trelist@isl.is)

### Allt til trérennismíði

Rennibekkir, Performax og Vocmarc  
Vicmarc patrónur og fylgihlutir.

Rennijárn.

Slípigrunnur, olíur og lökk.

Sandpappír og stálull.

Róslitaðar smergelskífur f. rennijárn.

Sicorit brýn.

Renninámskeið.

# ASBORG

Smíðjuvegi 11,  
200 Kópavogi. Sími 564 1212



Vasi renndur af Jóhanni  
Sigurjónssyni og stór skál rennd  
af Kristjáni Heiðberg.

Skálar með  
loki eftir  
Niels Peder  
Miltersen



## Sýningin í Ráðhúsinu 2002

Eins og greint var frá í síðast fréttabréfi var sýning félagsmanna haldin í Ráðhúsi Reykjavíkur dagana 5. - 20 október s.l.

19 félagsmenn tóku þátt og sendu inn 59 smíðisgrip og 4 erlendir sem sendu okkur 16 hluti.

Þeir erlendu sem sýndu hafa komið hingað og leiðbeint á námskeiðum sem hér voru haldin. Þeir heita: Chris Stott, Liz og Michael O'Donnell, Niels Peder Miltersen og Stuart Mortimer.

Sýningin fékk góðar viðtökur og var almenn ánægja með þennan áfanga í starfi félagsins. Við munum birta fleiri myndir frá sýningunni í næstu fréttabréfum. Framhlið sýningarskráinnar sem einnig var notuð sem "plaggat". er hér til hliðar

Um 2.500 sýningarskrár voru prentaðar út í prentara félagsins sem gerði um 7000 prentanir.

Sýningarskráin fylgir blaðinu fyrir þá sem ekki komust á sýninguna. Sérskrá var yfir erlenda sýndur svo og yfir heiti gripa og verð.

Öll skipulagning og uppsetning sýningarinnar var í höndum Karls Helga Gíslasonar og Guðrúnar konu hans. Lögðu þau á sig ómælda vinnu til að gera sýninguna mögulega. Án harðfýlgni þeirra hefði ekkert orðið úr þessari sýningu. Eru þeim færðar þakkir fyrir gott og mikið starf í þágu félagsins. Öðrum þeim sem lögðu hönd á plóginn eru einnig þökkun þeirra störf. Má þar nefna félagsmenn sem skiptu með sér að vakta sýninguna. Þegar er farið að hugsa til næstu sýningar eftir 2 - 3 ár. Félagið á einmitt 10 ára afmæli eftir 2 ár.



Séð yfir sýningarsvæðið við opnunina.

Fjöldi félagsmanna og gesta lagði leið sína í Ráðhúsið við opnunina. Mjög góð aðsókn var á sýninguna allt tímabilið og má ætla að um 6000 manns hafi komið þar við.



Verk Stuarts Mortimers.

Rokkur Árna B. Stefánssonar renndur úr valhnotu. Fallegur gripur og vel unninn. Árni renndi einnig málmhluti þá sem til þurfti.




## Frá sýningunni í Ráðhúsinu

## Vestnorræn handverkssýning Laugardalshöllinni í nóvember 2002



Teddi í góðum félagskap

Skál eftir Jóhann  
Sigurjónsson



Samlímdur  
vasi Trausta B.  
Óskarssonar

Skál eftir Jón Guðmundsson



Tvöföld skál eftir Kristján  
Heiðberg og skál eftir Jón  
Guðmundsson

Félagið tók þátt í þessari handverkssýningu með stuttum fyrirvara. Við höfðum heyrt í fjölmiðlum um sýninguna og áttum von á þátttökuboði. Það var ekki fyrr en á sýningunni í Ráðhúsinu að okkur var boðin þátttaka og er til átti að taka var allt pláss upptekið. Í vikunni áður en sýningin hófst forfallaðist sýningaraðili og við hlupum í skarðið.

Það var því stuttur tími til undirbúnings. Karl Helgi tók að sér að koma hlutunum í lag. Haft var samband við þá félagsmenn sem gefið hafa sig fram með þátttöku á sýningum eins og áður hefur verið auglýst eftir í fréttabréfinu. Fáeinir hlutir eru þar til sýnis og rennibekkur í gangi. Má því segja að aðallega er verið að kynna félagið á sýningunni.



Jón Guðmundsson við rennibekkin  
Sýningargestir skoða verkin  
aftan við Jón.



Sýningarbás  
hjónanna frá  
Hóli